



Bréf frá óþekktum höfundi um húsleitir, án dagsetningar

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkisráðherra – Dómsmálaráðherra – Þingvellir –
Keflavíkurflugvöllur – Raufarhöfn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Bréfa- og málasafn 1946-1953.
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna viðtals okkar f Þingvöllum
á dögunum hefi eg nokkuð látið athuga þau
atriði, sem þú minntist á við mig. Í ljós
hefur komið, að hægt mundi vera að fá leitar-
teki hjá varnarliðsmönnum á Keflavíkurflug-
velli, en þó að því áskyldu, að einn þeirra
fylgdi með. Sé eg út af fyrir sig ekkert
því til fyrirstöðu. En óóur en slík leit
er hafin verða menn að gera sér gr ein fyrir
í stórum dráttum, hvor eigi að leita. Mjög
mikilsvert er, ef þú, sem kunnugur maður,
vildir láta uppi skoðun þína um það, hvernig
leitinni skyldi hættað. Þá er og á það að líta,
að ef leita á í húsum manna, hvort sem þau eru
fbúðarhús, eða gripahús, þurfa einhver rök að
hníga að grun á hendur þeim, sem fyrir slíku
verður. Til leitarinnar mundi þurfa órskurð,
ef ágreiningur verður og þann órskurð verður
að vera hægt að rökstyðja með skynsamlegu móti.
Þá kem eg að öðru atriðinu, athugun á fjárrreiðum
manns þess, er þú minntist á. Eg hefi rætt það mál
við fulltrúa minn og sjáum við miklar torfærur á

slíkri rannsókn. Sérstaklega þar sem viðbúið er, að aðalviðskipti hans eigi sér einmitt stað við honum mjög hákomna menn, sem ólíklegt er, að vilji koma honum í bölvun. Við höfum þó í kyrrbey leitað ráða, manns kunnugs á Raufarhöfn, en ekki fengið enn svar. Ef þú hefðir á takteimum tillögur um þetta væru þer mér mjög mikils virði. Auðvitað bendla ég þér ekki við þetta út í frá, en þú skilur eins og ég, að æstaðan er býsna örðug og ekki hægt að hremma neinn sem grun-aðan, ef engin fæst til að láta neitt uppi til stuðnings ógreinileggum orðróm eða hug-boði. Eg vonast til þess að heyra frá þér um málið, söur en langt um líður og er reiðubúinn til að láta gera allt í málínu því til upplýsingar, sem eg tel með nokkru móti ger-legt. Með þeitum kveðjum.

Pinn einlægur